

Orkuveita Reykjavíkur -
Eignir ohf.
Ársreikningur 2023

Orkuveita Reykjavíkur - Eignir ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 531213-0840


Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	15
Rekstrarreikningur	18
Efnahagsreikningur	19
Eiginfjárfirlit	20
Sjóðstreymisyfirlit	21
Skýringar	22

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Orkuveita Reykjavíkur - Eignir ohf. (OR Eignir) er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveituna), en félagið er eignarhaldsfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitunnar. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu. Lögbundið hlutverk Orkuveitunnar er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu. Rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðarakerfi, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Yfirlitsmyndin að neðan sýnir kjarnastarfsemi samstæðu Orkuveitunnar. Þar fyrir neðan er greint frá helstu viðskiptaferlum í virðiskeðjunni og loks eru tilteknir helstu hagsmunaaðilar að hverjum hlekk keðjunnar.



Virðiskeðja

AUÐLIND

- Leit að og rannsókn auðlinda og öflun réttinda til að nýta þær
- Vöktun og stýring nýtingar

NÝFRAMKVÆMDIR

- Hönnun og öflun leyfa
- Kaup á efni, búnaði og þjónustu verkataka
- Eftirlit og prófanir

VINNSLA OG MIÐLUN

- Móttaka nýsmíði í rekstur
- Stýring og vöktun vinnslu
- Eftirlit, viðhald og endurnýjun
- Kaup á efni, búnaði og þjónustu

VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA

- Öflun og skráning viðskiptavina
- Tenging heimila og fyrirtækja
- Álestur og útgáfa reikninga
- Viðbrögð við bilunum

AUÐLIND

- Vöktun viðtaka

Hagsmunaaðilar

Opinberir aðilar

Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit.

Almenningur

Umsagnir um leyfi, kæruréttur

Eigendur OR

Staðfesting áforma á nýjum svæðum

Opinberir aðilar

Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit.

Verktakar og vörubirgjar

Framkvæmdir, útvegum efnis, ráðgjöf, fjármögnun

Almenningur

Umsagnir og kæruréttur

Eigendur OR

Staðfesting áforma á nýjum svæðum

Opinberir aðilar

Vöktun á rekstri og auðlindanýtingu

Almenningur

Ábendingar, upplýsingar

Viðskiptavinir

Upplýsingar um þjónustubrest

Verktakar og vörubirgjar

Framkvæmdir, útvegum efnis, ráðgjöf, fjármögnun

Viðskiptavinir

Greiðsla reikninga, álestur

Opinberir aðilar

Vöktun á afhendingaröryggi, notkunarmælingum og verði

Opinberir aðilar

Vöktun umhverfisáhrifa

Almenningur

Ábendingar, upplýsingar






Starfsfólk, samtök og félög fólks og fyrirtækja og **eftirlitsaðilar** með starfsaðstæðum á vinnumarkaði eiga hagsmuni að allri virðiskeðjunni.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. OR Eignir gerir ekki samstæðureikning með dótturfélögum sínum Carbfix ohf., Coda Terminal hf., Carbfix hf., Veitum ohf., ON Power ohf. og Orku náttúrunnar ohf. Þar sem ársreikningur OR Eigna ohf. er hluti af samstæðureikningi Orkuveitu Reykjavíkur.



Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveitan sinnir hlutverki sínu í samfélaginu undir fjórum vörumerkjum auk merkis móðurfélagsins. Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur í byrjun og lok árs 2023 voru Reykjavíkurborg (93,539%), Akraneskaupstaður (5,528%) og Borgarbyggð (0,933%) og öll dótturfyrirtæki innan samstæðunnar eru alfarið í eigu Orkuveitunnar, sbr. skýringu 37 í samstæðuársreikningi.

 <p>Orkuveita Reykjavíkur OR Eignir ohf.</p>	<p>Innan móðurfélagsins er haldið utan um fjármál samstæðunnar, innkaup, mannaúð, upplýsingatækni auk þess sem vísindafólk sinnir rannsóknum og nýsköpun fyrir fyrirtækin í samstæðunni. Þá eru innan móðurfélagsins sérfræðieiningar sem veita forystu og þjónustu t.d. hvað varðar umhverfis- og loftslagsmál, lögfræðimál og samskiptamál. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu voru 572 hjá samstæðunni. Fastráðin hjá samstæðunni í árslok 2023 voru 558. Konur voru 30,7% og karlar 69,3%. Kynsegin starfsfólk náði ekki einu prósentu. Meðal stjórnenda í samstæðu Orkuveitunnar í árslok voru konur 54% og karlar 46%. Þriðjungur stjórnarfólks Orkuveitunnar er konur og stjórnarformaður er karl.</p>		
			
Fyrirtæki			
<p>Veitur ohf. OR vatns- og fráveita sf.</p>	<p>Orka náttúrunnar ohf. ON Power ohf.</p>	<p>Ljósleiðarinn ehf.</p>	<p>Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. Carbfix hf. Coda Terminal hf.</p>
Starfssvið			
<p>Veitur reka rafveitur og hitaveitur, sem nánast allar eru með sérleyfi á sínu starfssvæði. Veitur sjá um starfsemi OR vatns- og fráveitu sf. sem gegnir lögbundnum skylduverkefnum sveitarfélaga hvað varðar vatnsveitur og fráveitur, einkum í þeim sveitarfélögum sem eiga Orkuveituna.</p>	<p>Orka náttúrunnar ohf. framleiðir heitt vatn og rafmagn í Nesjavallavirkjun og rafmagn í Andakilsárvirkjun. Vatnið fer allt til hitaveitu Veitna á höfuðborgarsvæðinu en rafmagn einkum á almennan markað. ISK er starfsrækslugjaldmiðill. Orka náttúrunnar sér um starfsemi ON Power ohf. sem framleiðir heitt vatn og rafmagn í Hellisheiðarvirkjun. Vatnið fer allt til hitaveitu Veitna á höfuðborgarsvæðinu en rafmagn einkum á heildsölumarkað. USD er starfsrækslugjaldmiðill ON Power ohf.</p>	<p>Ljósleiðarinn ehf. leggur og rekur víðfeðmt ljósleiðaranet sem nýtt er af fjarskipta-fyrirtækjum sem veita netþjónustu til heimila og fyrirtækja.</p>	<p>Carbfix er rannsóknar-, nýsköpunar- og ráðgjafar-fyrirtæki á sviði kolefnisbindingar sem selur fyrirtækjum innan og utan Orkuveitusamstæðunnar þjónustu. Carbfix hf. var stofnað á árinu 2022. Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. heldur á einkaleyfum tengdum Carbfix og Coda Terminal er verkefnafélag um samnefnda förgunarstöð. EUR er starfsrækslugjaldmiðill Carbfix hf. og Coda Terminal hf.</p>
Helstu lög um starfsemina			
Lög um Orkuveitu Reykjavíkur gilda um alla starfsemi samstæðunnar			
<p>Orkulög, Raforkulög, Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, Lög um vatnsveitur sveitarfélaga, Vatnalög, Upplýsingalög Stjórnsýslulög (vatns- og fráveitur), Lög um umhverfisábyrgð.</p>	<p>Raforkulög, Orkulög Vatnalög, Samkeppnislög, Lög um umhverfisábyrgð.</p>	<p>Lög um fjarskipti, Samkeppnislög.</p>	<p>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, Lög um umhverfisábyrgð.</p>
Tekjur (sjá einnig skýringu 4 í samstæðuársreikningi Orkuveitunnar)			

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur, frh.

 VEITUR	 ORKA NÁTTÚRLEGA	 LJÓSLÆIDARINN	 Carbfix
Fyrirtæki			
Veitur ohf. OR vatns- og fráveita sf.	Orka náttúrunnar ohf. ON Power ohf.	Ljósleiðarinn ehf.	Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf. Carbfix hf. Coda Terminal hf.
Tekjur eru nánast alfarið af sölu veitubjónustu með sérleyfi til heimila og fyrirtækja. Gjaldskrár lúta eftirliti hins opinbera sem hér segir: Hitaveita: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið Rafveita: Orkustofnun Vatnsveita: Innviðaráðuneytið Fráveita: Innviðaráðuneytið.	Tekjur eru af sölu rafmagns á almennum markaði og á heildsölumarkaði, sölu á heitu vatni í heildsölu til hitaveitu Veitna á höfuðborgarsvæðinu, sölu á upprunaábyrgðum og leigu á aðstöðu í Jarðhitagarði ON við Hellsheiðarvirkjun í Ölfusi. Heildsöluverð á heitu vatni lýtur eftirliti Orkustofnunar en raforkumarkaður er samkeppnismarkaður sem m.a. Samkeppnisefirlitið og Orkustofnun hafa eftirlit með.	Tekjur eru annars vegar af ljósleiðaratengingum til heimila og fyrirtækja sem nýta sér þjónustu fjarskiptafyrirtækja um kerfi Ljósleiðarans og hins vegar af heildsölu gagnaflutninga um ljósleiðara innan kerfa fjarskiptafyrirtækja. Fjarskiptamarkaður er samkeppnismarkaður undir eftirliti Fjarskiptastofu og Samkeppnisefirlits.	Carbfix er sprotafyrirtæki byggt á samnefndri aðferð til kolefnisbindingar og helstu tekjur fyrirtækisins eru vegna ráðgjafar, uppbyggingar og rekstrar á förgunarstöðum auk styrkja frá alþjóðlegum samkeppnissjóðum til rannsóknar- og þróunarstarfs.
Meðalfjöldi stöðugilda árið 2023			
246,9	110,0	47,1	33,3
Hlutfall kvenna í stjórn og formennska í árslok 2023			
40%: Kona	60%: Kona	40%: Kona	75%: Kona

Helstu niðurstöður fjármála 2023

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2023 nam 6.040 milljónum kr. (2022: hagnaður 5.922 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 168.976 milljónum kr. í árslok (31.12.2022: 179.932 milljónir kr.). Eigið fé nam 168.680 milljónum kr. í árslok (31.12.2022: 179.925 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall félagsins 99,8% (31.12.2022: 100%).

Stjórn OR Eigna leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur arður til eiganda á árinu 2023 vegna rekstrarársins 2022. Vísað er að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Jafnréttis- og starfsmannamál

Þótt hálfur áratugur sé frá því að óútskýrðum kynbundnum launamun hafi verið útrýmt innan samstæðu Orkuveitunnar og jafnvægi sé milli kynja í stjórnendahópi samstæðunnar er nauðsynlegt að halda vöku í jafnréttismálum. Þrátt fyrir ýmist framtak eru sum störf afar kynbundin, einkum störf iðnaðarfólks. Áfram verður unnið að því að glæða áhuga fleiri kynja á þeim störfum. Orkuveitan hlaut alþjóðlega viðurkenningu fyrir starf að jafnréttismálum á árinu 2023, þrjú fyrirtæki innan samstæðunnar hlutu Jafnréttisvog Félags kvenna í atvinnurekstri og Veitur voru með hæstu einkunn Kvenna í orkumálum fyrir áhrif kvenna innan fyrirtækja í orku- og veitugeiranum.

Starfsmannavelta jókst lítillega frá fyrra ári en hélt áfram að dragast saman meðal kvenna. Starfsánægja jókst milli ára og hefur mælst á styrleikabili allt frá árinu 2011.

Sævar Freyr Þráinsson var ráðinn forstjóri Orkuveitunnar á árinu og leysti Bjarna Bjarnason af hólmi í byrjun apríl.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Jafnréttis- og starfsmannamál, frh.

gengið frá ráðningu Snorra Þorkelssonar í starf framkvæmdastjóra Fjármála hjá móðurfélagi Orkuveitunnar. Þá var sú breyting gerð á skipulagi að þjónustuvið innan móðurfélagsins var lagt niður. Þjónustufulltrúar, sem voru í sameiginlegu þjónustuveri og á þjónustuvakt, fluttust til viðkomandi dótturfélaga, heimlagna- og notendabjónusta til Veitna og önnur verkefni sviðsins á fjármálasvið.

Verkefnið *Vaxtarsprotar Orkuveitunnar* hlaut Menntasprotta Samtaka atvinnulífsins 2023. Markmið verkefnisins er að þróa vinnustaði Orkuveitunnar og breyta menningu til þess að takast betur á við síbreytilegt umhverfi og auknar kröfur og væntingar viðskiptavina.

Heimsmarkmið og UFS 2023

Stjórn Orkuveitunnar leggur sérstaka áherslu á sex af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna í starfsemi samstæðunnar. Í Ársskýrslu Orkuveitunnar 2023 er grein gerð fyrir frammistöðunni á árinu með tilliti til Heimsmarkmiðanna og viðeigandi undirmarkmiða hvers þeirra. Stjórnir dótturfyrirtækja Orkuveitunnar hafa lagt eigin áherslur hvað Heimsmarkmiðin varðar og taka þær mið af starfssviði hvers fyrirtækis.

 <p>5 JAFNRÉTTI KYNJANNA</p>	 <p>6 HREINT VATN OG HREINLÆTISABTABA</p>	 <p>7 SJÁLFBÆR ORKA</p>	 <p>12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLÆIÐSLA</p>	 <p>13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM</p>	 <p>15 LÍF Á LANDI</p>
Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflid	Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu	Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði	Sjálfbær neyslu- og framleiðslumyndur verði tryggð	Gripa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra	Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

Samhliða útgáfu þessa ársreiknings gefur Orkuveitan út rafræna, samþætta Ársskýrslu 2023. Hún er gerð í samræmi við UFS viðmið (umhverfi, félagslegir þættir, stjórnarhættir) Nasdaq OMX Nordic. Þar er ítarleg grein gerð fyrir stjórnarháttum, umhverfis- og loftslagsmálum, starfsmannamálum og samfélagsmálum, viðskiptalíkani og virðisæðju samstæðunnar, helstu viðskiptaferlum og hagsmunaaðilum að rekstrinum, mannréttindastefnu Orkuveitunnar og hvernig spornað er við svikum og mútum. Skýrslan hlýtur óháða ytri skoðun og áritanir og er jafnframt árituð af stjórn og forstjóra. Ársskýrsla Orkuveitunnar 2023 er öllum aðgengileg á slóðinni <https://arsskyrsla2023.or.is>. Þar er skýrsluna einnig að finna á pdf sniði. Vísanir í skýrsluna í töfluyfirlitinu að neðan eru til samnefndra undirkafla hennar.

UMHVERFI		STJÓRNARHÆTTIR		SAMFÉLAG	
U1. Losun gróðurhúsalofttegunda ¹	64,0 þús.tn.	F1. Launahlutfall forstjóra	3,0	S1. Kynjahlutfall í stjórn	66/33
U2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	1.046 tn./ma.kr	F2. Launamunur kynja	0,1% konum í hag	S2. Óhæði stjórnar	Sjá skýrslu
U3. Orkunotkun	98,2% endurn.l.	F3. Starfsmannavelta	12,8%	S3. Kaupaukar	Nei

¹ Orkuveitan birtir nú í fyrsta skipti uppfært loftslagsbókhald sem tekur á mun fleiri þáttum en hafa verið teknir inn síðustu ár. Það er í samræmi við reglur Science Based Targets initiative og unnið er að óháðri vottun bókhaldsins skv. hinum alþjóðlega ISO 14064-1 staðli.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Heimsmarkmið og UFS 2023, frh.

UMHVERFI		STJÓRNARHÆTTIR		SAMFÉLAG	
U4. Orkukræfni	771 MWst./starfsm.	F4. Kynjajafnrétti	Sjá skýrslu	S4. Kjarasamningar	97,5% aðild að stéttarf.
U5. Samsetning orku	99,9% endurn.l.	F5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	Sjá skýrslu	S5. Siðareglur birgja	Já
U6. Vatnsnotkun	82 millj.m3	F6. Aðgerðir gegn mismunun	Sjá skýrslu	S6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	Sjá skýrslu
U7. Umhverfisstarfsemi	ISO 14001	F7. Vinnuslysafíðni	4,5/millj. vinnust.	S7. Persónuvernd	Já
U8. Loftslagseftirlit stjórnar	Já	F8. Hnattræn heilsa og öryggi	Veikinda-hlutf. 3,0%	S8. Sjálfbæriskýrsla	Já
U9. Loftslagseftirlit stjórnenda	Já	F9. Barna- og nauðungarvinna	Sjá skýrslu	S9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf	UFS og Heimsmarkm. S.þ.
U10. Mildun loftslagsáættu	Sjá skýrslu	F10. Mannréttindi	Sjá skýrslu	S10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	Já

Stjórnarhættir og innra eftirlit

Við erum aflvaki sjálfbærrar framtíðar er yfirskrift nýrrar heildarstefnu Orkuveitunnar sem unnið var að á vegum stjórnar og forstjóra á árinu 2023 og samþykkt eftir samráð við eigendur snemma árs 2024. Stefnan ber með sér að saga og velgengni Orkuveitunnar byggja á nýsköpun og framsýni og að haldið sé áfram á þeirri braut. Áskoranir og tækifæri blasi við þegar horft er til loftslagsbreytinga, orkumála og tengdra þátta. Til að takast á við þessi brýnu og stóru verkefni þurfi öflugt samstarf ólíkra aðila. Metnaður Orkuveitunnar stendur til þess að vinna af krafti í samstarfi með öðrum í orku, veitum og tengdri nýsköpun, til að félagið sjálft og viðskiptavinir þess geti stutt við sjálfbæra framþróun.

Metnaður Orkuveitunnar snýr að framúrskarandi þjónustu við fjölbreytta viðskiptavinum, starfsemi í sátt við náttúru jarðar, ábyrgri liðsheild, skilvirkum stjórnarháttum og starfsemin öll stuðli að hagsæld. Þannig sé lagður grunnur að auknum lífsgæðum fyrir öll.

Stefnan byggist á fjórum straumum, sem hver styður við annan. Undir hverjum straumi eru síðan tilgreind markmið sem honum tilheyra. Straumarnir eru:

- Fyrir viðskiptavininn
- Aukið framboð og sjálfbærar lausnir
- Nýsköpun og öflugt samstarf
- Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur

Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru frumkvæði, framsýni, hagsýni og heiðarleiki. Siðareglur Orkuveitunnar byggja á gildunum. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eiga að hjálpa starfsfólki að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll samskipti hvort sem er við viðskiptavinum, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða aðra hagsmunaaðila.

Stjórnarhættir Orkuveitunnar eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Á grunni laga um Orkuveitu Reykjavíkur gerðu eigendur með sér sameignarsamning, sem skýrir nánar ábyrgð og valdmörk. Hann er aðgengilegur á vef Orkuveitunnar eins og Eigendastefnan þar sem áherslur eigenda um starfshætti í samstæðunni eru skýrðar. Á árinu 2022 setti Reykjavíkurborg sér eigendastefnu, sem segir til um hvernig Reykjavíkurborg hyggst ganga fram gagnvart fyrirtækjum í sinni eigu. Stefnan mun leiða til

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórnarhættir og innra eftirlit, frh.

breytinga á Eigendastefnu Orkuveitunnar. Áherslubreytingar með nýrri Heildarstefnu Orkuveitunnar kunna einnig að leiða til breytinga á Eigendastefnunni. Stjórnir fyrirtækjanna í samstæðu Orkuveitunnar hafa sett sér starfsreglur auk siðareglna sem er að finna á vef Orkuveitunnar eða vefjum viðkomandi fyrirtækis og allar fundargerðir stjórnar Orkuveitunnar eru birtar á vef fyrirtækisins ásamt þeim fundargögnum sem ekki ríkir trúnaður um.

Starfsreglur stjórnar Orkuveitunnar taka mið af siðareglunum, Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf. og Samtökum atvinnulífsins og handbók stjórnarmanna, útgefinni af KPMG. Um dótturfélög gilda samþykktir hvers félags og starfsreglur stjórnna þeirra.

Stjórn Orkuveitunnar er samkvæmt lögum um fyrirtækið skipuð sex fulltrúum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kys formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Í árslok 2023 skipuðu stjórnina:

- Dr. Gylfi Magnússon, formaður, prófessor í hagfræði og fjármálum við Háskóla Íslands.
- Vala Valtýsdóttir, varaformaður, formaður starfskjaranefndar stjórnar, lögmaður og sérfræðingur í fyrirtækjalögfræði.
- Skúli Helgason, borgarfulltrúi í Reykjavík og stjórnaráfræðingur.
- Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, með BS í sálfræði og meistaragráðu í þjónustustjórnun.
- Þórður Gunnarsson, auðlindahagfræðingur.
- Valgarður Lyngdal Jónsson, forseti bæjarstjórnar á Akranesi og framhaldsskólakennari.

Borgarbyggð og Starfsmannafélag Orkuveitunnar eiga áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum.

Forstjóri Orkuveitunnar er Sævar Freyr Þráinsson viðskiptafræðingur.

Starfskjaranefnd er undirnefnd stjórnar.

Endurskoðunarnefnd fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitunnar. Ákvæði þessa efnis koma einnig fram í 9. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur.

Endurskoðunarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur skipa eftirtalin:

- Lárus Finnbogason, formaður
- Einar Sveinn Hálfvánarson
- Sigrún Guðmundsdóttir
- Sunna Jóhannsdóttir – samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

Varamenn eru:

- Danielle Pamela Neben
- Páll Grétar Steingrímsson
- Ólafur Kristinsson

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og starfar í umboði hennar. Markmið með skipan endurskoðunarnefndar er að bæta starfshætti í málum er snúa að fjárhagslegu eftirliti. Fjallað er um verkefni endurskoðunarnefnda í IX. kafla A í lögum um ársreikninga.

Lögbundin verkefni endurskoðunarnefnda eru eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórnarhættir og innra eftirlit, frh.

- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum þeirra.
- Tillaga til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.

Endurskoðunarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur fylgist með stjórnarháttum, virkni áhættustýringar og innra eftirliti með því að yfir fara og afgreiða innri endurskoðunarátætlun en það er stór hluti af verkefnum innri endurskoðunar að hafa eftirlit með og kanna virkni áhættustýringar og virkni innra eftirlits.

Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar var lögð fram á fundi stjórnar 18. desember 2023. Á starfsárinu, sem náði frá ágúst 2022 til júní 2023, vann nefndin að útboði ytri endurskoðunar. Samningur við ytri endurskoðendur félagsins, Grant Thornton endurskoðun ehf., var til fimm ára og náði til árána 2018-2022, að báðum árum meðtöldum. Vinna við útboð ytri endurskoðunar hófst hjá nefndinni í september 2022 og lauk í maí 2023 með því að nefndin gerði tillögu um að lægst bjóðandi Grant Thornton endurskoðun ehf. yrði valinn endurskoðandi félagsins til a.m.k. næstu fimm ára, þ.e. árána 2023-2027. Tillagan var samþykkt á eigendafundi Orkuveitunnar 30. maí 2023 með vísan til afgreiðslu málsins á aðalfundi, sem haldinn var 26. apríl 2023.

Á fundi nefndarinnar þann 12. desember 2022 fékk nefndin innri endurskoðunarátætlun fyrir tímabilið 2023-2024 til umfjöllunar og vísaði henni til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur til samþykktar. Innri endurskoðunarátætlun 2023-2024 var samþykkt í stjórn Orkuveitunnar 19. desember 2022 að undangengnum samþykktum stjórnar dótturfélaganna.

Nefndin fer yfir og fær kynningu á endurskoðunarátætlun ytri endurskoðanda en við gerð áætlunarinnar er lagt mat á áhættu- og óvissupætti í starfsemi félagsins. Hluti af verkefnum ytri endurskoðanda er að leggja mat á innra eftirlit sem tengist reikningsskilagerð félagsins. Endurskoðunarnefnd fylgist með framgangi endurskoðunarinnar, fer yfir niðurstöður ytri endurskoðanda og gerir stjórn Orkuveitunnar grein fyrir umsögn sinni um ársreikning. Nefndin tekur til umfjöllunar skýrslur innri og ytri endurskoðanda og fylgir nefndin sérstaklega eftir ábendingum þeirra sem varða innra eftirlit.

Í tengslum við undirbúning hlutafjáráaukningar Ljósleiðarans, sem staðið hafði í nokkur misseri, óskuðu stjórnir Ljósleiðarans og Orkuveitu Reykjavíkur á árinu 2023 eftir athugun Innri endurskoðunar annars vegar á meðferð trúnaðarupplýsinga sem lagðar höfðu verið fyrir stjórn Orkuveitunnar og samræmi starfsemi Ljósleiðarans við eigendastefnu Orkuveitunnar. Skýrsla innri endurskoðanda, með athugasemdum og tillögum, var lögð fyrir stjórnirnar í desember 2023. Þá hafði þegar verið bætt úr hluta atriðanna sem komu fram í skýrslunni og í framhaldinu var greint frá aðgerðum til að mæta öðrum ábendingunum.

Stjórn Orkuveitunnar hefur virkt eftirlit með veigamestu óvissupáttum í rekstri samstæðunnar og fær mánaðarlega skýrslur um stöðu fjármála, auðlinda, öryggis- og heilsumála og þýðingamikilla umhverfisþátta, þar á meðal loftslagsmála. Fjallað er um áhættustýringu, rekstraráhættu og aðrar áhættur í starfsemi samstæðunnar reglulega á stjórnarfundum. Þá fer Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Orkuveitunni í umboði stjórnar. Í því felst að Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með stöðugar umbætur að markmiði.

Orkuveitan og dótturfélög hafa innleitt stjórnunarkerfi í samræmi við alþjóðlega staðla og kröfur laga. Reglulega sannprófa óháðir faggiltir aðilar virkni þessara kerfa:

- ISO 9001 - Alþjóðlegur gæðastjórnunarstaðall
- ISO 14001 - Alþjóðlegur umhverfisstjórnunarstaðall
- ISO 14064-1 - Alþjóðlegur staðall um uppgjör tengd losun og bindingu á gróðurhúsalofttegundum (í vottunarferli)

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórnarhættir og innra eftirlit, frh.

- ISO 27001 - Alþjóðlegur staðall um stjórnun upplýsingaöryggis
- ISO 45001- Alþjóðlegur staðall um stjórnun heilbrigðis og öryggis á vinnustað
- HACCP/GÁMES - Alþjóðlegt matvælaeftirlitskerfi
- ÍST 85 - Íslenskur staðall um jafnlaunakerfi
- Rafmagnsöryggisstjórnunarkerfi
- Innra eftirlitskerfi sölumæla

Stefnumiðaðir stjórnarhættir, virk innleiðing áhættustefnu og þeirra stefna sem tilgreindar eru í eigendastefnu Orkuveitunnar og sameignarsamningi eru til þess fallnar að efla innra eftirlit. Innri eftirlitskerfi eru reglulega tekin út í innri og ytri úttektum þar sem virkni þeirra er staðfest. Ef í ljós kemur í kjölfar úttektar að úrbóta sé þörf, er brugðist við þeim.

Stjórnendur Orkuveitunnar, framkvæmdastjórar og forstöðufólk bera ábyrgð á innra eftirliti hver á sínu sviði. Gæða- og upplýsingastjórnun er eining innan Orkuveitunnar sem ber ábyrgð á að innri eftirlitskerfi séu virk. Gæðakerfi Orkuveitunnar njóta óháðrar vottunar ytri aðila og fyrirtækið fylgir stöðlum Félags um innri endurskoðun varðandi framkvæmd innri endurskoðunar. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar gegnir hlutverki innri endurskoðanda og hjá Orkuveitunni starfar regluvörður sem hefur eftirlit með upplýsingagjöf til Kauphallar og Fjármálaeftirlits.

Hjá Orkuveitunni er skráð verklag um meðferð mála þegar ætla má að starfsmaður eða stjórnandi hafi brotið gegn reglum fyrirtækisins eða hafi orðið uppvís að sviksemi í starfi. Verklagsreglan er öllu starfsfólki aðgengileg. Vakni grunur um brot ber að tilkynna það næsta yfirmanni eða innri endurskoðanda fyrirtækisins sem ber að upplýsa um það en gæta trúnaðar við meðferð slíkra upplýsinga, þar með talið að gæta leyndar um nafn tilkynnanda. Ekkert tilvik var um það á árinu 2023 að grunur vaknaði um sviksemisbrot.

Niðurstaða samkvæmt flokkunarreglugerð ESB

Nú birtir Orkuveitan í fyrsta skipti upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi í samræmi við Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins, sem tók gildi hér á landi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023. Markmið reglugerðarinnar er að meta með samræmdum umhverfis- og loftslagsviðmiðum hvaða starfsemi teljist sjálfbær. Til að standast viðmiðin þarf viðkomandi starfsemi að teljast verulegt framlag til einhvers af eftirgreindum umhverfismarkmiðum án þess að valda umtalsverðu tjóni hvað hin umhverfismarkmiðin varðar:


- Mótvægi við loftslagsbreytingum
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
- Mengunarvarnir og eftirlit með mengun
- Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi
- Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Í þetta fyrsta sinn sem flokkunarreglugerðinni er beitt er starfsemi Orkuveitunnar eingöngu metin út frá viðmiðinu um mótvægi við loftslagsbreytingum. Sem dæmi er framleiðsla á orku úr endurnýjanlegum orkulindum metin eftir því hvort hún ylli öðrum markmiðum skaða. Í næsta áfanga innleiðingar af hálfu Orkuveitunnar verður starfsemin einnig grunnmetin út frá öðrum umhverfisviðmiðum.

Af tilgreindri starfsemi í flokkunarreglugerðinni voru borin kennsl á tíu starfspætti sem iðkaðir eru innan samstæðu Orkuveitunnar, þ.e. eru flokkunartækir. Myndin að neðan gefur heildaryfirlit yfir hlutfall fjárfestingar, gjalda og tekna samstæðu Orkuveitunnar m.t.t. þess hvort hún fellur að flokkunarreglugerðinni (aligned), falli innan hennar en ekki er sýnt fram á að starfsemin standist matsskilyrði hennar (eligible but not aligned) eða falli utan starfaflokka flokkunarreglugerðarinnar (non-eligible).

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Niðurstaða samkvæmt flokkunarreglugerð ESB, frh.



Í töflunni að neðan er samsvarandi sundurliðun fjárhagsmælikvarða eftir þeim tíu starfsþáttum sem borin eru kennsl á innan starfsemi Orkuveitunnar.

Umhverfislega sjálfbær starfsemi	Fjárfesting		Rekstrargjöld		Rekstrartekjur	
	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall
4.15 Dreifing fjarhitunar/-kælingar	5.792.340	20%	4.354.789	10%	18.386.841	30%
4.18 Sambætt vinnsla varma/kælingar og raforku úr jarðvarmaorku	2.882.523	10%	5.879.940	13%	6.921.423	11%
4.9 Flutningur og dreifing á raforku	2.376.400	8%	5.652.706	13%	8.786.365	14%
5.1 Uppbygging, stækkun og starfræksla vatnsöflunar-, vatnshreinsi- og vatnsveitukerfa	1.843.149	6%	1.457.120	3%	3.209.894	5%
5.12 Varanleg geymsla koltvísýrings neðanjarðar	1.742.575	6%	216.242	0%	64.740	0%
5.3 Uppbygging, stækkun og starfræksla skólpsöfnunar og -hreinsunarkerfa	2.267.874	8%	1.952.840	4%	6.939.534	11%
6.15 Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almenningssamgöngur með litla losun kolefna möguleg	272.286	1%	251.737	1%	341.014	1%
6.5 Flutningar með mótórhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum	40.214	0%	221.943	0%	0	0%
	Fjárfesting		Rekstrargjöld		Rekstrartekjur	
Flokkunartæk starfsemi sem ekki stenst matsskilyrði	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall
4.5 Raforkuframleiðsla úr vatnsorku	34.879	0%	35.445	0%	-	-
8.2 Gagnadrifnar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda	338.001	1%	338.941	0%	448.133	1%
	Fjárfesting		Rekstrargjöld		Rekstrartekjur	
Starfsemi utan flokkunarreglugerðar	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall	Fjárhæð í þkr.	Hlutfall
	11.659.751	40%	5.106.882	54%	16.071.415	27%

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Niðurstaða samkvæmt flokkunarreglugerð ESB, frh.

Umfangsmesta flokkunartæka starfsemi Orkuveitunnar sem enn fellur ekki að umhverfisviðmiðum flokkunarreglugerðarinnar er snjallmælavæðing Veitna og fjarskiptastarfsemi. Þar skortir á lífsferilsgreiningu búnaðar svo meta megi umhverfislegt framlag og umhverfisleg áhrif starfseminnar. Slíkt mat er í undirbúningi.

Árangur og óvissupættir 2023

Orkuveitan starfar í samræmi við áhættustefnu, sem rýnd er reglulega af stjórn. Meginmarkmið áhættustefnu er að tryggja að Orkuveitan og dótturfélög geti sinnt grunnhlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta með lágmarksáhættu. Þetta er gert með því að:

- Draga úr sveiflum í afkomu samstæðunnar á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum og að áhættupættir séu ávallt innan skilgreindra marka sem stjórnin setur og eru skráð í áhættuhandbók.
- Tryggja að samstæða Orkuveitunnar hafi nægt fé til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi.
- Greina, meta og stýra áhættum í rekstri með hliðsjón af starfsemi, stefnum Orkuveitunnar og skilgreindum mörkum.

Á árinu 2023 kynnti Orkuveitan hugmyndir um að reisa vindorkugarða í nágrenni Hellisheiðar í samstarfi við Orku náttúrunnar. Í nýrri Heildarstefnu Orkuveitunnar er blásið til frekari sóknar í orkuvinnslu, hvorttveggja raforku og varma til heimila eða atvinnulífs. Stefnumótunin byggist á aukinni þörf fyrir orku og styður hún jafnframt við stefnu stjórnvalda um kolefnishlutlausu framtíð og aukna orkuvinnslu. Jafnframt er unnið að betri orkunýtni, meðal annars með aukinni hringrás orkustrauma svo sem unnið er að í Jarðhitagarði ON við Hellisheiðarvirkjun í Ölfusi.

Á árinu 2023 komu Veitur að því að skemmtiferðaskip í Reykjavíkurbíla var í fyrsta sinn tengt rafmagnni úr landi og hleðslutenglum fyrir almenning á rafmagnsbílum, svokölluðum hverfahleðslum Orku náttúrunnar, fjölgaði verulega. Fimmta árið í röð varð ON efst í Ánægjuvöginni, samræmdri mælingu á ánægju og hollustu viðskiptavina. Á meðal annarra viðurkenninga sem samstæðunni hlotnuðust á árinu er *European Broadband Awards*, sem Evrópuráðið veitti Ljósleiðaranum, Carbfix hlaut norrænu Blaze-verðlaunin fyrir vinnu að sjálfbærnimálum með áherslu á fjölbreytileika og framkvæmdastýra Carbfix, Edda Sif Pind Aradóttir, var útnefnd af tímaritinu TIME á meðal 100 áhrifamestu manneskja heims á sviði loftslagsmála.

Snemma árs 2019 setti Orkuveita Reykjavíkur samstæðunni opinberlega töluleg markmið í nokkrum efnis sem stefnt var að því að því að ná fyrir árslok 2023. Framvindunni var miðlað á vef fyrirtækisins. Hér eru markmiðin og staða hvers mælikvarða við lok verkefnisins, í árslok 2023:

Markmið	Fjölgun rafbíla	Léttara kolefnisspor	Heil heim	Ánægt starfsfólks	Góður samfélagsþegn
Mælikvarði	Heildarfjöldi tengjanlegra rafbíla	Stærð kolefnisspors miðað við árið 2016	Fjarvera starfsfólks vegna veikinda eða slysa	Starfsánægja samkvæmt greiningu	Afstaða almennings til vörumerkja OR
Tölulegt markmið	40.000	-40%	< 3,6%	4,5	6,3
Lokastaða	48.226 🍌	+5%	3,0% 🍌	4,4	6,1

Mótun lykilmælikvarða fyrir samstæðuna stendur yfir í tengslum við innleiðingu nýrrar heildarstefnu.

Kolefnisbókhald Orkuveitunnar tók stórstígum framförum á árinu 2023. Loftslagsmarkmið fengust viðurkennd og vottuð af Science Based Targets initiative og loftslagsbókhald fyrirtækisins er á lokametrum óháðrar vottunar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Árangur og óvissupættir 2023, frh.

Stórt skref til smækkunar kolefnissporsins verður stigið með stækkun loftþreinsistöðvar á Hellisheiði árið 2025 en kolefnisspor samstæðunnar stækkaði á árinu 2023. Það má rekja til hnökra í rekstri loftþreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun. Á móti vó að föngun og förgun koldíoxíðs og brennisteinsvetnis úr gufunni sem nýtt er í Nesjavallavirkjun hófst á árinu 2023. Um tilraunarekstur er að ræða sem verður skalaður upp til ársins 2030 þegar áformað er að nánast allt jarðhitagas úr gufunni verði fangað og því fargað. Brennisteinsvetni fór ekki yfir reglugerðarmörk á starfssvæði samstæðunnar á árinu 2023.

Loftslagsáhætta snertir alla þætti starfsemi Orkuveitunnar. Í áhættugrunni hafa verið skilgreindar 14 aðstæður tengdar loftslagsbreytingum sem áhrif geta haft á starfsemina. Á meðal þeirra sem veigamestar eru samkvæmt upphaflegu mati er vátengd flóðum vegna ákafrar úrkomu, aukin tíðni eldingaveðurs með áhrifum á rafbúnað, gróðureldar á vatnsverndarsvæðum og aukinn þörungablómi í vatnsbólum vegna hækkanði hitastigs. Unnið er í senn að mótvægisáðgerðum, það er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, og áðgerðum til aðlögunar með því að auka viðnámsþrótt rekstursins við breytingunum.

Orkuveita Reykjavíkur hóf útgáfu grænna skuldabréfa árið 2019 undir grænum skuldabréfaramma. Það varð til þess að fleiri tilboð bárust í útgefin skuldabréf en áður. Árið 2021 gaf Orkuveitan út nýjan ramma grænnar fjármögnunar, þar sem fjármögnun er á öðru sniði en með útgáfu skuldabréfa. Með breytingunni eru fjármagnaðar grænar eignir samstæðunnar en ekki tiltekin verkefni einstakra félaga innan hennar. Öll fjármögnun samstæðunnar á árinu 2023 féll undir græna fjármögnunarrammann.

Á árinu 2021 gaf Orkuveitan út siðareglur fyrir birgja samstæðunnar. Þær byggjast á 10 stöðum Global Compact samstarfsins á vegum Sameinuðu þjóðanna og tilgangur útgáfunnar er að ná betri tókum á sjálfbærni allrar virðisæðju samstæðunnar. Með því að samþykkja siðareglurnar með undirskrift gengst birginn undir kröfur um virðingu fyrir mannréttindum, reglum vinnumarkaða, umhverfinu og að beita sér gegn spillingu. Samsvarandi kröfur hafa verið í útboðsgögnum Orkuveitunnar um árabíl en með þessu eru slík viðmið sett í minni innkaupum en þeim sem fara í formleg útboð. Í árslok 2023 hafði 121 innlendir og erlendir birgir staðfest að þeir hlíttu siðareglunum, auk þess þurfa allir þeir sem taka þátt í útboðum samstæðunnar að staðfesta siðareglurnar.

Eigendur Orkuveitunnar veittu á árinu heimild til aukningar hlutfjár í Ljósleiðaranum og sölu nýja hlutfjárins. Það er annað félagið innan samstæðunnar þar sem slík heimild eigenda liggur fyrir, en einnig er unnið að því að finna meðeigendur að Carbfix hf. Í október 2023 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaup Ljósleiðarans á stofnneti Sýnar. Það er ljóst að Ljósleiðarinn þarf nýtt fjármagn til að styðja við þann vöxt sem er áætlaður í framhaldi kaupanna. Ljósleiðarinn vinnur að því að fá nýja hluthafa inn en komi til þess að hlutfjár aukningin, sem samþykkt hefur verið, gangi ekki eftir eða dragist á langinn hefur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur lýst því yfir að félagið muni auka hlutfé sitt í Ljósleiðaranum á markaðsvirði til að tryggja áframhaldandi rekstur og til að verja hagsmuni sína.

Óvissa er í tengslum við þær jarðhræringar sem hafa verið í og við Grindavík og ekki sér fyrir endann á. Jarðhræringarnar hafa hvorki haft áhrif á starfsemi jarðgufuvirkjana Orku náttúrunnar í Hengli né veitukerfi Veitna. Ekki er ekki er talin ástæða til að ætla að aukin hætta sé á eldsumbrotum á starfssvæðum fyrirtækjanna. Ljósleiðarinn hefur tengt hluta Grindavíkur við kerfi sitt og á burðarstrengi fjarskipta á Reykjanesskaga. Helsta óvissan nú er hvort áfram verði búið í Grindavíkurbæ og þar með hvert tekjustreymi verði af fjárfestingunni á næstu árum. Orkuveitan rekur ekki önnur veitukerfi á svæðinu.

Sjóðsstaða félagsins er sterk og var í árslok 19 milljarðar kr. auk þess sem samstæðan hefur aðgang að lánalínum að fjárhæð 14,7 milljarðar kr. í árslok 2023.

Væntingar um sölu á 6,8% eignarhlut Orkuveitunnar í Landsneti gengu ekki eftir á árinu.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Árangur og óvissupættir 2023, frh.

Þá stendur yfir formlegt ferli hálfu Orkuveitunnar þar sem ágreiningi um forsendur raforkusölusamnings við Norðurál, sem ON sér um framkvæmd á, var vísað til alþjóðlegs gerðardóms. Sjá einnig skýringu 39 með ársreikningi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.

Í skýringum 29 til og með 33 með ársreikningi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur er að finna frekari umfjöllun um helstu áhættur Orkuveitunnar.

Að mati stjórnenda fyrirtækisins er það rekstrarhæft og gæti mætt óvæntum áföllum í nánustu framtíð.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra OR Eigna er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu fyrirtækisins 31. desember 2023 ásamt rekstrarafkomu þess sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Reykjavík, 7. mars 2024

Í stjórn fyrirtækisins:

Gylfi Magnússon

Vala Valtýsdóttir

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir

Þórður Gunnarsson

Skúli Helgason

Valgarður Lyngdal Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Sævar Freyr Þráinsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Orkuveitur Reykjavíkur - Eignum ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf. („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við faglegu mati (e. professional judgement) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álitum okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt félaginu neina þá þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lyklatríði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfa ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Áritun óháðra endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 26. apríl 2023 en þetta er sjötta samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 7. mars 2024.

Davíð Arnar Einarsson,
Löggiltur endurskoðandi

Theodór S. Sigurbergsson,
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022*
Annar rekstrarkostnaður	(698)	(1.117)
Rekstrarkostnaður samtals	(698)	(1.117)
Rekstrartap (EBIT)	(698)	(1.117)
Vaxtatekjur		3	14
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		3	14
Áhrif dótturfélaga	8	6.040.604	5.923.184
Hagnaður fyrir tekjuskatt		6.039.909	5.922.081
Tekjuskattur	7	217	203
Hagnaður ársins		<u>6.040.126</u>	<u>5.922.284</u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá skýringu 4.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022*
Eignir			
Eignarhlutar í dótturfélögum	8	168.916.198	160.904.763
Fastafjármunir samtals		<u>168.916.198</u>	<u>160.904.763</u>
Aðrar skammtímakröfur		1	3
Kröfur á tengda aðila	10	60.234	19.027.378
Handbært fé	11	9	150
Veltufjármunir samtals		<u>60.243</u>	<u>19.027.531</u>
Eignir samtals		<u><u>168.976.441</u></u>	<u><u>179.932.294</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		4.000	25.364.000
Endurmatsreikningur		80.138.351	72.522.676
Bundinn hlutdeildarreikningur		31.871.740	32.150.411
Þýðingarmunur		8.778.883	11.543.578
Lögbundinn varasjóður		1.000	3.868.600
Óráðstafað eigið fé		47.886.951	34.475.951
Eigið fé samtals		<u>168.680.924</u>	<u>179.925.217</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir við móðurfyrirtæki	10	294.996	6.157
Aðrar skammtímaskuldir		520	919
Skammtímaskuldir samtals		<u>295.516</u>	<u>7.077</u>
Skuldir samtals		<u>295.516</u>	<u>7.077</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>168.976.441</u></u>	<u><u>179.932.294</u></u>

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá skýringu 4.

Eiginfjáryfirlit 2023

Árið 2023	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Þýðingar- munur	Lögbundinn varasj.	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2023	25.364.000	72.522.676	32.150.411	11.543.578	3.868.600	34.475.951	179.925.217
Hlutfajárlækkun	(25.360.000)						(25.360.000)
Endurmat, hækkun		13.550.346					13.550.346
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(2.710.069)					(2.710.069)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(4.030.753)				4.030.753	0
Tekjuskattsáhrif innlausnar endurmats		806.151				(806.151)	0
Þýðingarmunur				(2.764.695)			(2.764.695)
Framlag í lögbundinn varasjóð					(3.867.600)	3.867.600	0
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga umfram móttækinn arð			(278.672)			278.672	0
Hagnaður ársins						6.040.126	6.040.126
Eigið fé 31. desember 2023	4.000	80.138.351	31.871.740	8.778.883	1.000	47.886.951	168.680.924
Árið 2022*							
Eigið fé 1. janúar 2022	25.364.000	62.373.761	29.094.652	6.307.814	3.566.143	29.087.041	155.793.411
Endurmat, hækkun		16.217.197					16.217.197
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(3.243.439)					(3.243.439)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(3.531.053)				3.531.053	0
Tekjuskattsáhrif innlausnar endurmats		706.211				(706.211)	0
Þýðingarmunur				5.235.764			5.235.764
Framlag í lögbundinn varasjóð					302.457	(302.457)	0
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga umfram móttækinn arð			3.055.760			(3.055.760)	0
Hagnaður ársins						5.922.284	5.922.284
Eigið fé 31. desember 2022	25.364.000	72.522.676	32.150.411	11.543.578	3.868.600	34.475.951	179.925.217

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar, sjá skýringu 4.

Sjóðstreymisyfirlit 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		6.040.126	5.922.284
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(3)	(14)
Áhrif dótturfélaga	8	(6.040.604)	(5.923.184)
Tekjuskattur	(217)	(203)
Skammtímakröfur lækkun (hækkun)		2	(3)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(399)	95
Kröfur á tengda aðila lækkun (hækkun)	10	19.256.200	(2.441.420)
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta		19.255.105	(2.442.444)
Innborgaðar vaxtatekjur		3	14
Handbært fé frá (til) rekstrar		19.255.109	(2.442.431)
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		0	(650.440)
Sala á eignarhlutum í öðrum félögum		400	400
Fenginn arður		6.104.350	3.091.920
Fjárfestingarhreyfingar		6.104.750	2.441.880
Fjármögnunarhreyfingar			
Lækkun hlutafjár	(25.360.000)	0
Fjármögnunarhreyfingar	(25.360.000)	0
Lækkun á handbæru fé	(141)	(551)
Handbært fé í ársbyrjun		150	701
Handbært fé í lok ársins		9	150
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé til rekstrar	(695)	(1.103)

Skýringar

1. Félagið

OR Eignir ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan). Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning OR Eigna ohf. Ekki er gerður samstæðureikningur þar sem ársreikningur OR Eigna ohf. er hluti af samstæðureikningi Orkuveitunnar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst hér á eftir.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélaganna. Eignarhlutar í dótturfélagum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

b. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2023.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.

Skýringar

4. Leiðrétting á samanburðarfjárhæðum

Við útreikning á tímabilsleiðréttingu í dreifingu og flutningi rafmagns hjá dótturfélaginu Veitur ohf. kom í ljós skekkja í útreikningi. Skekkjan fól í sér að tekjur Veitna voru oftaldar á árunum 2020-2022 og þar með hludeild OR Eigna í hagnaði félagsins. Í samræmi við IAS 8 hefur samanburðartölum vegna ársins 2022 því verið breytt. Leiðréttingar vegna fyrri tímabila eru sýndar sem leiðréttingar á eigin fé í samanburðartölum. Við yfirferð á uppgjöri varmaskiptasamnings milli Veitna, Orku náttúrunnar og ON Power kom í ljós að bráðabirgða uppgjör sem fara átti fram í desember 2022 hafði fallið upp fyrir. Í samræmi við IAS 8 var samanburðarfjárhæðum breytt. Breytingarnar núllast milli þessara félaga og hafa því engin áhrif í ársreikningi OR Eigna. Upphafsstöður eignarhluta í félögum breytast þó milli félaganna eins og sést í skýringu 7.

Rekstrarreikningur (samandregið)	Áður birt		Leiðréttt
	2022	Leiðrétting	2022
Áhrif dótturfélaga	6.050.034 (126.850)	5.923.184
Hagnaður ársins	6.050.034 (126.850)	5.923.184
Efnahagsreikningur (samandreginn)	Áður birt	Leiðrétting	Leiðréttt
	31.12.2022		31.12.2022
Eignarhlutar í dótturfélögum	161.290.689 (385.926)	160.904.763
Fastafjármunir samtals	161.290.689 (385.926)	160.904.763
Eignir samtals	180.318.220 (385.926)	179.932.294
Óráðstafað eigið fé	34.861.877 (385.926)	34.475.951
Eigið fé samtals	180.311.143 (385.926)	179.925.217
Eigið fé og skuldir samtals	180.318.220 (385.926)	179.932.294

5. Laun og launatengd gjöld

Enginn starfsmaður starfar hjá OR Eignum og stjórn fær ekki þóknun fyrir störf sín.

6. Þóknun endurskoðanda

	2023	2022
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	539	1.014

7. Tekjuskattur

	2023	2022
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Breyting á frestuðum tekjuskatti	217	203
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	217	203
Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2023	2022
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	6.039.909	5.922.081
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	20,0%
Áhrif hlutdeildar í afkomu dótturfélaga	(20,0%) ((20,0%) (
Ófrádráttarbær opinber gjöld	0,0%	0,0%
Samsköttun með dótturfélögum	0,0% (0,0%
Virkur tekjuskattur	0,0% (0,0% (
	1.207.982	1.184.416
	1.208.121)	1.184.637)
	4	4
	82)	14
	217)	203)

Skýringar

8. Eignarhlutir í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Carbfix félög	Veitur	ON Power	Orka náttúrunnar	Samtals
Eignarhlutir í ársbyrjun 2023	916.422	69.714.946	67.154.744	23.504.577	161.290.689
Leiðrétting á stöðu 1.1.		(385.926)			(385.926)
Leiðrétting á stöðu 1.1.		(270.168)	204.344	65.824	0
Samtals eignarhlutar 1.1.2023	916.422	69.058.853	67.359.087	23.570.401	160.904.763
Áhrif dótturfélaga	(169.053)	2.222.924	2.795.831	1.190.903	6.040.604
Endurmat		5.438.415	4.774.940	626.922	10.840.277
Þýðingarmunur	(9.946)		(2.754.750)		(2.764.695)
Sala á eignarhlut	(400)				(400)
Greiddur arður		(2.000.000)	(2.104.350)	(2.000.000)	(6.104.350)
Eignarhlutir í árslok 2023	737.023	74.720.191	70.070.758	23.388.226	168.916.198
Eignarhlutur	99,9%	100%	100%	100%	

Veitur dreifa rafmagni og varmaorku frá lághitasvæði auk varmaorkuvinnslu á lághitasvæði auk reksturs á OR vatns- og fráveitu sem er rekið í sérstöku félagi.

Starfsemi Orku náttúrunnar felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakilsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði og rekstur hleðslustöðva. Á árinu 2023 hætti Orka náttúrunnar rekstri á götuljósapjónustu og seldi reksturinn til fyrirtæksins Ljóstvista. Jafnframt var rekstur á Jarðhitasýningu Orku náttúrunnar færður til Orkuveitunnar á árinu.

Starfsemi ON Power felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Hellisheiðarvirkjun, kaup og sölu á rafmagni á heildsölumarkaði, sölu á rafmagni til stórnotenda í erlendum gjaldmiðli ásamt rekstri og uppbyggingu jarðhitagarðs.

Tilgangur Eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. er að halda utan um hugverkaréttindi að baki Carbfix tækninni en í dótturfélaginu Carbfix hf. er rekstur og framtíðaruppbygging á starfsemi carbfix tækninnar. Carbfix tæknin spornar gegn loftslagsvánni með frekari þróun og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi. Í ársbyrjun 2023 var rekstur, rekstartengdar eignir og skuldbindingar fluttar frá Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. til Carbfix hf. Coda Terminal hf. er dótturfélag Carbfix hf. Félagið vinnur nú að uppbyggingu á kolefnisförgunarstöð í Straumsvík sem áætlað er að hefji rekstur á árinu 2026. Fram að þeim tímapunkti verður umsjón með uppbyggingunni í höndum Carbfix hf.

Veitur, ON Power og Orka náttúrunnar eru öll að fullu í eigu OR Eigna. OR Eignir á 99,96% hlut í Eignarhaldsfélaginu Carbfix ohf. sem á síðan 99,7% hlut í Carbfix hf. á móti OR Eignum sem á 0,3% hlut. OR Eignir á 0,000025% hlut í Coda Terminal hf. sem er í 99,999975% eigu Carbfix hf. Félögin eru öll staðsett að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

Skýringar

9. Eigið fé

Hlutfé

Á hluthafafundi sem haldinn var í félaginu 18. desember 2023 var tekin sú ákvörðun að lækka hlutfé félagsins um 25.360.000.000 kr. með greiðslu til hluthafa að sömu fjárhæð. Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur því 4 milljónum kr. í árslok. Félagið á engin eigin bréf. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarfélagi, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila starfsemi með annan gjaldmiðil en íslenskar krónur.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Í varasjóðinn skal leggja 10% af hagnaði hvers árs þar til sjóðurinn nemur 10% af nafnverði hlutfjár, en 5% eftir það.

Óráðstafað eigið fé

Enginn arður var greiddur til móðurfyrirtækisins árið 2023 (2022: engin arðgreiðsla).

10. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, félög í samstæðu Orkuveitunnar, stjórnarmenn og lykilstjórnendur fyrirtækisins eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Í árslok er krafa á dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar og ON Power vegna samsköttunar að fjárhæð 60,2 milljónir kr. og skuld við Eignarhaldsfélagið Carbfix að fjárhæð 59,5 milljónir kr. Auk þess er skuld við móðurfélagið Orkuveituna að fjárhæð 235,5 millj. kr. í árslok 2023. (31.12.2022: Krafa á móðurfélag 19.021 milljónir kr. og krafa á dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar og ON Power vegna samsköttunar að fjárhæð 6,6 milljónir kr. og skuld við Eignarhaldsfélagið Carbfix að fjárhæð 6,2 milljónir kr.) Engar aðrar stöður eða viðskipti eru við aðra tengda aðila.

11. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

12. Atburðir eftir reikningsskiladag

Stjórnendum er ekki kunnugt um atburði sem hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags og höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.